

Fimmtudaginn 18. maí 1995.

Nr. 373/1993.

Samvinnusjóður Íslands hf.

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Stálskipum hf.

(Othar Örn Petersen hrl.)

Nauðungaruppböð. Skip. Kaupleigusamningur. Gjaldþrotaskipti. Tómlæti. Traustfang.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1993. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.076.821 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. september 1991 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 700.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 21. maí 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Áfrýjandi útskýrir svo breytta kröfugerð sína fyrir Hæstarétti, að fjárhæð aðalkröfu nemi áföllnu leigugjaldi fyrir hin umdeildu tæki frá 4. september 1989 til 4. september 1991 að dráttarvöxtum meðtöldum. Er þá miðað við umsamdar greiðslur samkvæmt leigukaupasamningi áfrýjanda og Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. 4. september 1986. Fjárhæð varakröfu er reist á mati Ísmars hf. um líklegt verðmæti tækjanna í september 1989, hefðu þau þá verið seld úr Sigurey, BA-25. Í því tilviki sé krafist dráttarvaxta frá þeim degi, er áfrýjandi hafi boðið stefnda að kaupa tækin.

II.

Hinn 31. júlí 1989 var kveðinn upp úrskurður um, að bú Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. skyldi tekið til gjaldþrotaskipta. Inn-

köllun til kröfuhafa birtist í Lögbirtingablaði 23. ágúst 1989, og 28. sama mánaðar fór fram þriðja og síðasta uppboð á skipi í eigu þrotamanns, Sigurey, BA-25, þar sem stefndi varð hæstbjóðandi. Hinn 23. október 1989 rann út kröfulýsingarfrestur í þrotabúið. Áður hafði uppboðshaldari lýst því við stefnda, að tekið væri boði hans í skipið, en það var gert í samræmi við vilja veðhafa, er þeir höfðu lýst í þinghaldi í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu 11. september 1989. Uppboðsafsal var gefið út til stefnda 8. desember 1989, eftir að gengið hafði verið frá greiðslu söluandvirðis. Af því rann meginhlutinn til uppgjörs áhvilandi veðskulda, en eftirstöðvar, að fjárhæð rúmlega 30.000.000 króna, runnu til þrotabúsins. Gætti skiptastjóri þrotabúsins hagsmuna þess við lokameðferð uppboðsmálsins.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lýst því, að hann hafi átt kröfu á hendur Hraðfrystihúsi Patreksfjarðar hf. vegna vanefnda þess á greiðslu samkvæmt áðurnefndum leigukaupasamningi allt frá árslokum 1986. Þeirri kröfu var þó ekki lýst í þrotabúið. Ekki krafði áfrýjandi þrotabúið heldur um afhendingu tækjanna. Hann gerði stefnda fyrst viðvart um málið með því að óska viðræðna við hann með bréfi 16. mars 1990, en þá voru liðnir sem næst sex mánuðir, frá því að stefndi fékk umráð tækjanna í sínar hendur.

Eftir að synjun stefnda lá fyrir í september 1990 við því að sinna kröfum áfrýjanda, leið enn næstum hálft annað ár, áður en áfrýjandi gerði reka að því að leita réttar síns með málsókn á hendur stefnda. Framganga áfrýjanda hefur þannig einkennst af miklu tómlæti á öllum stigum málsins við að gæta þess réttar, sem hann telur sig eiga á grundvelli áðurnefnds samnings við Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf.

III.

Samkvæmt 69. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skal afhenda þriðja manni eignir hans, sem komast í vörslur þrotabús. Ákvæði 1. mgr. 70. gr. sömu laga mæla svo fyrir, að hafi hlutur, sem er í vörslu bús, verið seldur eftir lok kröfulýsingarfrests, eigi sá, sem rétt eigi til hlutarins, en lýsti honum ekki, áður en salan fór fram, enga kröfu á kaupanda, sem keypti í góðri trú. Í 2. mgr. sömu greinar er mælt fyrir um rétt eiganda á hendur þrotabúi við slíkar aðstæður.

Eins og málið liggur fyrir, hefur áfrýjandi ekki stutt það neinum

viðhlítandi rökum, að stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um nokkurn rétt áfrýjanda til þess lausafjár um borð í Sigurey, BA-25, sem ágreiningur aðila snýst um. Verður að telja ljóst, að uppboðshaldari, skiptastjóri og stefndi hafi litið svo á, að umræddir lausafjármunir hafi fylgt með í uppboðskaupunum. Áfrýjandi gerði stefnda fyrst viðvart um málið í mars 1990, og ekki liggur fyrir, að hann hafi haldið rétti sínum fram við uppboðshaldara eða skiptastjóra þrotabúsins, áður en uppboðsafsal var gefið út til stefnda 8. desember 1989.

Samkvæmt framansögðu verður lagt til grundvallar dómi, að atvik séu með þeim hætti, að ákvæði 1. mgr. 70. gr. laga nr. 6/1978 eigi hér við. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnusjóður Íslands hf., greiði stefnda, Stálskipum hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní sl., var höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri og þingfestri 2. mars 1993.

Stefnandi er Samvinnusjóður Íslands hf., kt. 691282-0829, Ingólfsstræti 3, Reykjavík. Stefndi er Stálskip hf., kt. 580271-0149, Trönuhrauni 6, Hafnarfirði.

I.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 8.104.654 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 28. ágúst 1992 til greiðsludags, til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.549.903 kr. með sömu vöxtum frá 4. september 1992 til greiðsludags, en til þrautavara til að greiða stefnanda 1.596.992 kr. með sömu dráttarvöxtum frá 28. ágúst 1992 til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Mál þetta var upphaflega höfðað með stefnu, dags. 22. febrúar 1992, en var felld niður 4. febrúar 1993 vegna útivistar beggja mál aðila.

II.

Málavextir eru þeir, að 28. ágúst 1989 var fiskiskipið Sigurey, BA-25, selt á nauðungaruppboði hjá sýslumanni Barðastrandarsýslu. Skipið var í eigu Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. Hæstbjóðandi var stefndi, Stálskip hf., sem bauð 257.500.000 kr. í skipið. Var boð hans samþykkt 11. september s. á., og 8. desember 1989 gaf uppboðshaldari út uppboðsafsal til stefnda.

Stefnandi kveðst hafa átt lausafé um borð í skipinu, er það var selt. Hafi verið um að ræða ýmis fiskleitartæki af Scanner-gerð, sem stefnandi hafi keypt og leigt þáverandi eiganda skipsins, Hraðfrystihúsi Patreksfjarðar hf. Leigusamningur er dagsettur 4. september 1986, og var honum þinglýst 26. janúar 1989 og færður í skipabók á nafn Sigureyjar, BA-25.

Pau mistök urðu, er kaupleigusamningurinn var útbúinn, að ranglega voru tilgreind eftirfarandi tæki: „Atlas-Netsonde 872 höfuðlínudýptarmælir og 3 stk. hleðslutæki“, og framleiðandi sagður „Krupp, Atlas, Elektronik, Oslo“. Þetta hafi verið vélritunarmistök, því að ofangreind tæki hafi farið um borð í annað skip, en fiskleitartæki af Scanner-gerð frá öðrum framleiðanda hafi sannanlega farið um borð í Sigurey, BA-25. Nánar séu þessi tæki eitt aflestrartæki, tveir aflanemar, einn hitanemi, eitt botnstykki, einn botnstykkiskór og þrjú hleðslutæki. Vélritunarmistökín séu þau, að í kaupleigusamningi stefnanda og Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. hafi verið talin upp röng tæki og rangur framleiðandi tilgreindur. Að öðru leyti sé samningurinn réttur, þ. á m. viðmiðunarverð leigu, 1.474.583 kr.

Er stefndi keypti skipið á uppboði 28. ágúst 1989, lá frammi veðbókarvottorð. Var á það skráð undir fyrirsögninni Önnur eignabönd: „kaupsamningur með eignarréttarfyrrvara við Samvinnusjóð Íslands hf. um kaup á höfuðlínudýptarmæli og þremur hleðslutækjum, dags. 4/9 '86“.

Forsvarsmaður stefndu kynnti sér hinn þinglýsta kaupleigusamning og komst að raun um, að þar tilgreind tæki voru ekki í skipinu. Kveður stefndi uppboðshaldara einnig hafa gengið úr skugga um það, áður en hann gaf út uppboðsafsal. Uppboðshaldari hafi því afmáð þessa kvöð úr veðmálabókum 11. janúar 1990, og hafi stefndi fengið út gefið kvaðalaust veðbókarvottorð.

Stefnandi kveðst hafa orðið var við framangreind vélritunarmistök í mars 1990. Hann hafi þá boðið stefnda að ganga inn í kaupleigusamninginn, þar sem bú hins upphaflega leigutaka hafði þá verið tekið til gjaldþrotaskipta. Einnig hafi stefnandi boðið stefnda að greiða andvirði tækjanna eða að öðrum kosti að skila þeim. Með bréfi 14. september 1990 hafi lögmaður stefnda hafnað öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt fram lögðum kaupleigusamningi kostuðu tækin, sem fóru um borð í Sigurey, BA-25, 1.474.583 kr. 4. september 1986. Leigutími skyldi vera 60 mánuðir, og skyldi greiða 2,47% mánaðarlega af viðmiðunarverði, upp færðu miðað við lánsjaravísitölu 1472 stig. Kveður stefnandi kaupleigusamninginn hafa staðið í 4.058.857 kr. á uppboðsdegi. Áfallnir vextir séu 4.045.797 kr. 28. ágúst 1992, samtals 8.104.654 kr., sem sé stefnufjárhæðin. Áföllnum dráttarvöxtum sé bætt við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Vara- og þrautavarakröfu sína reisir stefnandi á yfirlýsingu frá Ísmari hf., sem flytur inn Scanner-tæki. Telji Ísmar hf. hugsanlegt verð hinna umdeildu tækja vera 600.000 – 800.000 kr. miðað við verðlag í september 1989.

Stefnandi kveðst einkum reisa dómkröfur sínar á eignarrétti sínum á framangreindum tækjum og bótaskyldu stefnda svo og á leigukaupasamningi, dags. 4. september 1986, milli Hraðfrystihúss Patreksfjarðar hf. og stefnanda, en stefnandi telji, að stefndi hafi með framferði sínu, þ. e. óslitinni notkun tækjanna og neitun um að afhenda eða greiða stefnanda tækin, gengið inn í leigukaupasamning þennan, og verði hann því að svara stefnanda umsömdu leigugjaldi, eins og það sé ákveðið í samningi þessum, eða greiða stefnanda fébætur fyrir tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna framferðis stefnda. Jafnframt telji stefnandi, að stefndi hafi ekki getað öðlast rétt yfir tækjunum á grundvelli nauðungaruppboðs Sigureyjar 28. ágúst 1989, þar sem m. a. um sé að ræða venjulegt lausafé, sem lúti ekki reglum þinglýsingalaga nr. 39/1978. Einnig vísi stefnandi í uppboðsskilmála við nauðungarsölu skipsins Sigureyjar, BA-25, 1. gr., þar sem segi skýrt og skortinort, að uppboðskaupandi sé bundinn við löglega gerða leigusamninga. Stefnandi telji jafnframt, að umrædd tæki, sem séu ýmis tæknilegur sérbúnaður, sem settur hafi verið um borð í skipið, löngu eftir að það hafi verið smíðað, verði aldrei talin fylgífé skips og að stefndi eða forsvarsmenn hans hafi alla tíð vitað, að stefnandi hafi átt verðmæt tæki um borð í skipinu. Stefndi geti ekki þannig talist hafa verið grandlaus um eignarrétt stefnanda að tækjunum. Breyti engu í þessu sambandi, þó að vélritunarmistök hafi orðið í hinum upphaflega leigukaupasamningi 4. september 1986 og þó að samningur þessi hafi verið máður úr veðmálabókum eftir nauðungarsöluna í ágúst 1989.

Um lagarök vísar stefnandi til reglna um eignarréttindi og lögvernd þeirra, reglna kröfu- og samningaréttar, laga nr. 57/1949 og almennra skaðabótareglna, einkum þeirrar grundvallarreglu íslensks skaðabótaréttar, að þeim, sem í heimildarleysi hagnýtir sér eignir annarra, sé skylt að svara réttum eiganda bótum.

Málsástæður stefnda eru þær, að enginn vafi sé á, að fiskleitartæki og mælar séu löglegt fylgifé skipa. Stefndi hafi keypt skipið í því ástandi, sem það var í við uppboð, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1949. Þau tæki, sem getið sé um í kaupleigusamningi, hafi ekki verið í skipinu, er stefndi skoðaði það og festi kaup á því. Stefndi hafi því eignast umrædd tæki við kaupin og að minnsta kosti eignast þau við traustfang.

Þá telur stefndi fjárhæð stefnukröfu fráleita og bendir á, að ný tæki myndu aðeins kosta hluta af kröfum stefnanda.

IV.

Ágreiningslaust er í málinu, að röng tæki voru tilgreind í hinum þinglýsta kaupsamningi. Forsvarsmaður stefnda var því grandlaus um betri rétt stefnanda, er hann keypti togarann á uppboði. Svo var einnig um uppboðshaldara, sem afmáði hina þinglýstu kvöð. Stefndandi gætti ekki réttar síns á uppboðinu, sem auglýst var opinberlega á sínum tíma. Það var ekki fyrr en rúmum sex mánuðum síðar, að stefndandi vakti athygli á rétti sínum.

Umræddum fiskleitartækjum var skeytt við skipið sem einum hluta af tækjabúnaði þess. Stefndi var grandlaus um eignarréttarfyrirvarann og gat ekki áttað sig á hinum þinglýsta kaupleigusamningi, þar sem hann var ranglega útbúinn af stefnanda. Eignarréttarfyrirvaranum verður því eigi beitt gegn stefnda, sem öðlast hefur rétt til tækjanna við traustfang. Stefndi verður því sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og eftir þeirri niðurstöðu verður stefndandi dæmdur til að greiða stefnda 100.000 kr. í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stálskip hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samvinnusjóðs Íslands hf., í máli þessu.

Stefndandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.
